## Stjórnarfundur SKÍ

Fundargerð nr. 1651

*Mánudagur 15. maí 2023 / kl. 12.00 / Rafrænn fundur*

| | |
|---|---|
| **Efni fundarins:** | Sautjándi stjórnarfundur Skíðasambands Íslands (SKÍ) 2021 – 2023. |
| **Fundarstjóri:** | Bjarni Theódór Bjarnason (formaður). |
| **Fundarritari:** | Hugrún Elvarsdóttir. |
| **Þátttakendur:** | Jónas Egilsson framkvæmdastjóri, Bjarni Theódór Bjarnason formaður, Hugrún Elvarsdóttir ritari, Sigurður Sveinn Nikulásson formaður alpagreinanefndar og Jón Egill Sveinsson varaformaður. |
| **Fjarverandi:** | Friðbjörn Benediktsson formaður snjóbrettanefndar, Gísli Reynisson gjaldkeri og Einar Ólafsson, formaður skíðagöngunefndar. |

*Fundur settur kl. 11.37.*

## Fundardagskrá:

1. Síðasta fundargerð
2. Óafgreiddar fundagerðir, 1646, 1647, 1648, 1649
3. Starfsmannamál
4. Næsti fundur og afgreiðsla starfsáætlana nefnda
5. Önnur mál

## Fundargerð

1. **Síðasta fundargerð**
    a. Samþykkt samhljóða og fundargerð gerð opinber á vef SKÍ.
2. **Óafgreiddar fundagerðir, 1646, 1647, 1648, 1649**
    a. Jónas biður stjórnarmenn að skoða fundargerðir fyrir lok dags 15.5.23 og láta vita ef einhverjar athugasemdir eru.
3. **Starfsmannamál**
    a. Búið að ganga frá uppsögn við afreksstjóra sem mun ekki vinna uppsagnarfrestinn.
    b. Bjarni Th. formaður SKÍ leggur undir stjórn að gengið verði til samninga við nýjan afreksstjóra SKÍ, Brynju Þorsteinsdóttur. Brynja gæti hafið störf 1. júní.
    c. Þeir stjórnarmenn sem viðstaddir voru fundinn samþykkja samhljóða.

d. Formaður og framkvæmdastjóri SKÍ hafa samband við aðra stjórnarmeðlimi sem ekki voru viðstödd á fundinum.

4. **Næsti fundur og afgreiðsla starfsáætlana nefnda**
   a. Skíðagöngunefnd hefur skilað inn starfsáætlun næsta árs.
   b. Alpagreinanefnd fundar í dag með framkvæmdastjóra SKÍ.
   c. Snjóbrettanefnd hefur einnig skilað inn starfsáætlun.
   d. Næsti fundur áætlaður þriðjudaginn 31. maí kl. 16-17.30. Jónas sendir út fundarboð til stjórnarmanna.
5. **Önnur mál**
   a. **Low Lander**
      i. Skipulag afreksmála hjá alpagreinanefnd rædd en Sigurður Nikulásson, formaður alpagreinanefndar tók fram að við gætum unnið betur að afreksmálum SKÍ og gert betur fyrir landsliðið okkar í staðinn fyrir að vera inn í Low Landers prógramminu.
      ii. Ákveðið að taka þessa umræðu á meiri dýpt á næsta fundi stjórnar.
   b. **Hagsmunaárekstrar**
      i. Ef að einhver telur það vera hagsmunaárekstur að Sigurður sé formaður alpagreinanefndar þegar að Brynja Þorsteinsdóttir verður afreksstjóri að þá verður það skoðað þegar að því kemur en Sigurður segist geta stigið niður sem formaður ef svo er.
      *ii.* Ákveðið var að Sigurður klára sitt tímabil sem formaður alpagreinanefndar fram að næsta skíðaþingi en hann var kosinn til tveggja ára.

Fundi slitið kl. 13:15

*Hugrún Elvarsdóttir ritaði fundargerð*